

## **Fundargerð**

### **Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.**

Haldinn 4. nóvember 2021.

Staður: Skrifstofa / fundarherbergi 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.12.00 og lauk kl.12.50.

Mættir: Hrafnkell Marínósson, Aðalsteinn Valdimarsson, Magnús Gunnarsson, Ragnar Hilmarsson og Hörður Þorsteinsson. Teams: Kristinn Arason og Karl Georg Klein. Forföll: Sveinn Sigurbergsson og Viðar Halldórsson.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Tillaga um aðildarumsókn ÍBH að UMFÍ**

Badmintonfélag Hafnarfjarðar sendi inn tillögu til ÍBH og óskaði eftir því að hún yrði lögð fram í nafni stjórnar ÍBH fyrir þingið. Ef því yrði hafnað þá yrði hún lögð fram í nafni Badmintonfélags Hafnarfjarðar fyrir þingið. Stjórn ÍBH samþykkti að hún yrði lögð fram í nafni stjórnar ÍBH. Samþykkt að laga í greinargerð tillögu að þing UMFÍ 2021 var í október ekki september.

##### **2. Önnur mál**

- a). Mál golfklúbba og siglingaklúbba af allsherjarnefndar fundi rædd.
- b). Starfsmannalisti 52. þings ÍBH kynntur.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.